

Hafnarfjarðarbær
Innk: 21/1 2016
Málsnr: 1601191
Bréfalt: 254

Reykjavík 20.01.16

B.T. Bæjarráðs Hafnarfjarðar

Efni: heilsuræktir í sundlaugum bæjarins

Kæru bæjarfulltrúar

GYM heilsa (kt:630997-2329) hefur rekið heilsurækt í Suðurbæjarlaug í samstarfi við Hafnarfjarðarbæ frá árinu 1999. Samstarfið hefur verið afar farsælt og ábótasamt fyrir báða aðila enda sérhæfir GYM heilsa sig í rekstri heilsurækta tengdum sundlaugum. Bæjarbúar hafa notið góðs af rekstri GYM heilsu enda hafa þeir getað stundað líkamsrækt og sund á verði sem aðrir bjóða ekki. Markmið GYM heilsu hefur verið ljóst frá upphafi um það að allir sem vilja stunda líkamsrækt og sund, eigi kost á því óháð efnahag.

GYM heilsa er í samstarfi við mörg sveitarfélög um rekstur heilsurækta í sundlaugum bæjarins. Í Kópavogi, þar sem fyrirtækið sér um rekstur heilsuræktanna í báðum sundlaugum bæjarins, hefur GYM heilsa selt um 5000 árskort að meðaltali síðustu ár og hefur það gefið Kópavogsbæ miklar tekjur.

Forsvarsmönnum GYM heilsu hefur borist það til eyrna að rekstur núverandi rekstraraðila í Ásvallalaug sé þungur og óvissa ríki um áframhald hans.

GYM heilsa er með samning við Hafnarfjarðarbæ næstu árin um áframhaldandi rekstur. Forsvarsmenn GYM heilsu vilja koma því á framfæri að félagið hefur einnig áhuga að reka heilsurækt í Ásvallalaug, opnast möguleiki á því. Það er mikill ávinningur að hafa sama stönduga fyrirtækið með rekstur í báðum laugum. Það eykur líkur á því að bæjarbúar nýti sér þá aðstöðu sem boðið er upp á í glæsilegum sundlaugum bæjarins. Tekjur Hafnarfjarðarbæjar aukast og ánægja bæjarbúa eykst.

f.h. GYM heilsu

Kjartan Már Hallkelsson
Kjartan Már Hallkelsson rekstrarstjóri, Kjartan@gymheilsa.is sími 8663084

www.gymheilsa.is